



## Fundargerð

Fundur í skipulags- bygginga- húsnæðis- og hafnarnefnd Reykólahrepps  
mánudaginn 10. desember 2012, kl. 10:00

Fundarstaður: fundarsalur hreppsnefndar Maríutröð 5a, Reykólum.

Mættir: Sveinn Ragnarsson og Egill Sigurgeirsson. Herdís Matthíasdóttir var forfölluð.  
Einnig sátu fundinn Bogi Kristinsson skipulags- og byggingafulltrúi og Ingibjörg B.  
Erlingsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Fundargerð er rituð á tölvu og er tvær blaðsíður.

Formaður setti fundinn, bauð fólk velkomið.

## Dagskrá:

### Mál til afgreiðslu:

1. **1212004 – Gjaldskrá fyrir byggingarleyfis- framkvæmda- skipulags- og þjónustugjöld í Reykólahreppi.**  
Drög að gjaldskrá.

*Nefndin fór yfir gjaldskrá fyrir embætti byggingafulltrúa, nefndin gerir ekki athugasemd við gjaldskrána og vísar henni til samþykktar í hreppsnefnd.*

2. **1212005 – Þórisstaðir jörð 139699, stofnun fasteigna.**  
Erindi frá Þórisstaðafélaginu dagsett 21. nóvember 2012.

*Nefndin samþykkir stofnun fasteigna á Þórisstaðajörðinni, með fyrirvara um samþykkt deiliskipulagstillögu. Samþykkt samhljóða.*

3. **1212006 - Reykólahreppur breytingar á Aðalskipulagi 2006-2018, vegna skipulags frístundabyggðar á Kirkjubóli.**  
Lýsing á skipulagsverkefni, frá Péttri H. Jónssyni, sent 20. nóvember 2012.

*Erindinu frestað það sem fyrir liggur að taka á upp Aðalskipulag Reykólahrepps 2006 - 2018 eftir áramót. Samþykkt samhljóða.*

4. **1209009 – Búfjarsamþykkt fyrir Reykólahrepp.**  
Niðurstaða Ólafs Dýrmundssonar búnaðarráðunauts Bændasamtakanna send 5. desember 2012.

*Nefndin fór yfir ábendingar Ólafs, og vísar þeim til áframhaldandi kynningar í nefndum sveitarfélagsins og hjá Búnaðar- og Sauðfjárræktarfélagi Reykólahrepps.*

*Nefndin leggur til að hlutfalli gripafjölda í 3. gr. verði haldið óbreyttu. Samþykkt samhljóða.*

5. **1207007 – Áætlun um móttöku og meðhöndlun úrgangs og farmleifa (drög).**

*Athugasemdir hafa borist frá Umhverfisstofnun og Þörungaverksmiðjunni. Nefndin fór yfir athugasemdirnar, sveitarstjóra falið að ganga frá áætluninni og er henni vísað til staðfestingar hjá hreppsnefnd.*

**6. 1212007 – Skráning á skipulagi og framkvæmdaleyfi í námukerfi Vegagerðarinnar.**

Erindi frá svæðisstjóra Norðvestursvæðis Vegagerðarinnar dagsett 30. október 2012.

*Nefndin fór yfir erindið, formanni nefndarinnar falið að koma svörum til Vegagerðarinnar. Samþykkt samhljóða.*

**Mál til kynningar:**

**7. 1212008 – Reglugerð um viðbrögð við bráðamengun hafs og stranda.**

*Kynnt.*

**8. 1212009 - Fundargerð 352. fundar stjórnar Hafnarsambands Íslands.**

*Kynnt.*

**Önnur mál (ef einhver):** Löglega upp borin.

**9. 1106002 – Deiliskipulag Þórisstaða 139699**

*Skipulagi hefur verið auglýst samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010.*

*Athugasemdir vegna auglýstrar breytingar á nýju deiliskipulagi í landi Þórisstaða 139699.*

*Vegagerð ríkisins, mælir eindregið gegn því að heimilað verði að sinni deiliskipulagning innan Búlkár eins og sýnd er á deiliskipulagstillögu vegna jarðgangnagerðar í Þórisstaðalandi og gerir athugasemd vegna krossgatnamóta við lóð 11-14 samkvæmt bréfi dags: 18.06.2012*

*Nefndin leggur til við sveitarstjórn að samþykkja deiliskipulagstillöguna því samkvæmt Aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006-2018 er ekki gert ráð fyrir gerð jarðganga í landi Þórisstaða í Þorskafirði.*

*Nefndin samþykkir athugasemdir Vegagerðarinnar vegna krossgatnamóta að lóð 14 ofan vegar og lóðum 11-14 neðan vegar og komið verður á móts við athugasemda þar við.*

*Umhverfisstofnun bendir á að nýta ætti þegar röskuð svæði fyrir frístundabyggð ef þess er kostur og gengið verði frá allri fráveitu sbr. Reglugerð nr. 798/1999 um fráveitu og skolp. Nefndin tekur undir þessar ábendingar.*

*Fornleifavernd ríkisins, telur ekki ástæðu til að gera athugasemdir við deiliskipulagstillöguna.*

*Nefndin leggur til við sveitarstjórn að samþykkja deiliskipulagstillöguna.*

**Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 12:30.**

---

---

---